

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um almannatryggingar (réttindi úr lífeyrissjóðum) (XII).

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1992/2006 frá 18. desember 2006 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 311/2007 frá 19. mars 2007 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, skulu gilda á Íslandi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. Reglugerðirnar skulu gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Reglugerðirnar (EB) nr. 1992/2006 og nr. 311/2007 fjalla að hluta til um lífeyrstryggingar, atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um lífeyristryggingar, atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Í reglugerð frá heilbrigðisráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar.

2. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1992/2006, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 311/2007 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2007 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 26, 8. maí 2008, bls. 20, eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðisráðuneytisins nr. 855/2008.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 56. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 8. september 2008.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ingvi Már Pálsson.